

PFAFF®



select™ 150

Leiðarvísir

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28.

Rafmagnstenging

Rafmagnsspennan verður að vera sú sama og gefin er upp á kennispjaldinu.

Öryggisatriði

- Notið vélina aldrei sem leikfang.
Ef vélin er notuð af börnum eða nálægt börnum, þá verður ávallt að fylgjast vel með.
- Skiljið saumavélina aldrei eftir í sambandi við rafmagn.
- Takið saumavélina ávallt úr sambandi við rafmagn þegar hætt er að nota hana, og eins þegar verið er að hreinsa hana.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálar svæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipt er um nál, saumfót eða spólan sett í o.s.frv.
- Notið vélina aldrei ef rafmagnsleiðslurnar eða klærnar á þeim eru skemmdar.
- Gætið þess að finger verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að finger verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísir vélarinnar og notið eingöngu fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar.
- Takið vélina ávallt úr sambandi þegar skipta þarf um peru í vélinni. Notið ávallt samskonar gerð af peru og var í vélinni, (volt og wött).



Vinsamlegast athugið að þegar þessu tæki verður fargað verður að gera það á öruggan hátt og í samræmi við þær reglugerðir og lög sem gilda um förgun á rafmagns og rafeindatækjum í því landi sem förgun á sér stað.

Innihald

Innngangur

Hlutir vélarinnar4

Sem fylgja vélinni.....5

Yfirlit yfir sauma6

Tafla yfir sauma - Saumar sem ekki
teygjast 6-7

Tafla yfir sauma - Teygjanlegir saumur .. 7-8

Vélin tekin í notkun

Lok.....9

Mótstaðan tengd.....9

Aðalrofi9

Hólf fyrir fylgihluti10

Vinnuborðið tekið af - friarmur10

Spólun..... 11-14

Skipt um spólu.....15

Þræðing..... 16-17

 Þræðing á tvíburanál17

Undirtvinnanum náð upp.....18

Tvinnahnífur.....18

Fótlyftir19

Skipt um saumfót.....19

Innbyggði efri flytjarinn.....20

Skipt um nál.....21

Yfirtvinninn stilltur21

Flytjarinn tekinn úr sambandi.....21

Stillir fyrir sporbreidd22

Stillir fyrir nálarstöðu22

Afturábak saumur.....23

Sporlengdarstillir23

 Sporlengdarstillir.....23

 Hnappagöt23

 Teygjanlegir saumur.....23

Val á saumum, Hraðval24

 Nytjasaumar24

 Teygjanlegir saumur.....24

 Nytjasaumum og teygjanlegum saumum
 blandað saman24

Nytjasaumar - og algengir saumar

Útskýringar á töflunni fyrir saumana25

Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna26

Stungusaumar.....26

Beint spor.....27

Zik zak spor27

Blindföldunarspor28

Overlock spor29

Teygjanlegur saumur.....30

Földun með tvíburanál.....30

Hnappagöt 31-32

Fríhendis saumur33

Töluáfesting 33-34

Rennilásar34

Aukalegir saumfætur 35-38

Umhirða og gangtruflanir


Skipt um stingplötu39

Hreinsun.....39

Skipt um peru40

Gangtruflanir 41-42


Hlutir vélarinnar



- | | |
|----------------------------------|--------------------------------|
| 1 Aðalrofi | 15 Fótlyftir |
| 2 Tengill "fótmótstaða m/snúru" | 16 Hólf fyrir aukahluti |
| 3 Lausgangsskrúfa | 17 Botnplata |
| 4 Handhjól | 18 Stingplata |
| 5 Handfang | 19 Stillir fyrir sporbreidd |
| 6 Spólari | 20 Takki fyrir "afturábaksaum" |
| 7 Lok með mynd af saumum | 21 Stillir fyrir val á saum |
| 8 Auka keflispinni | 22 Tvinnastýring |
| 9 Keflispinni með skífu | 23 Innbyggður efri flytjari |
| 10 Þráðgjafi | 24 Nálarhalda með festiskrúfu |
| 11 Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna | 25 Fóthalda með saumfæti |
| 12 Þræðiraufar | 26 Stillir fyrir sporbreidd |
| 13 Tvinnahnífur | 27 Stillir fyrir nálarstöðu |
| 14 Pera (hám. 15 wött) | |

Sem fylgja vélinni

Þið getið fengið nánari upplýsingar um aukahluti hjá PFAFF® umboðsaðilanum.



0 Venjulegur saumfótur

Einnig fyrir efri flytjara

1 Glær fótur

(Útsaum ekki fyrir efri flytjara)

3 Blindsaums/Overlock fótur

Einnig fyrir efri flytjara

4 Rennilásafótur

Einnig fyrir efri flytjara

5 Hnappagatafótur

6 Jaðarstýring/Bútaumsstýring

7 Filtskífa

8 Skífur á keflispinna, lítill/meðal/stór

9 Bursti



10 Spretthnífur

11 Auka keflispinni

12 Nálar

13 Spólur

Yfirlit yfir sauma



Tafla yfir sauma - Saumar sem ekki teygjast

Saumur		Saumfótur	Notist við
	A/B/C	5	Venjulegt hnappagat fyrir blússur og sængurfatnað
	D	0/3	Blindföldunarspor - sérstaklega fyrir teygjanleg efni.
	E	0/1	Hefðbundinn skrautssumur t.d. fyrir bekki á handklæði og afþurrkunarklúta.
	F	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur -
	G	0/1	Fyrir alla beina sauma og stungusauma allt að 6 mm. Fyrir kastsauma og applíkeringar. Hentar einnig fyrir mjókkandi og breikkandi sauma, kóssa, útsauma og snúrusauma.
		0/1	Beinn saumur: Fyrir alls konar sauma og stungusauma, þar sem betra er að hafa nálina vinstra megin í fætinum. Zik zak: Fyrir kastsauma, applíkeringar og mjókkandi eða breikkandi sauma.
		0/1	Beinn saumur: Fyrir flest alla sauma og jaðarstungur. Zik zak: Fyrir flesta zik zak sauma.
		0/1	Beinn saumur: Fyrir alls konar sauma og sungusauma þar sem betra er að hafa nálina hægra megin í fætinum. Zigzag: Fyrir kastsauma, applíkeringar og mjókkandi og breikkandi sauma, og snúrusaum.

Saumur		Saumfótur	Notist við
	H	0/3	Fyrir ósýnilega blindfalda á ofin efni.
	I	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur.
	K	0/3	Fyrir flata sauma á mislögð efni.
	L	0/1	Fyrir kastauma, sauma á teygjur , gera við rifur eða setja á bætur.
	M	0/1	Fyrir kastauma, sauma á teygjur, gera við rifur eða setja á bætur.
	LI	0/1	Hefðbundinn skrautsaumur


Tafla yfir sauma - Teygjanlegir saumar

Saumur		Saumfótur	Notist við
	D	0/1	Teygjanlegur lok og kastsaumur. Efninu er snúið um 180 gráður.
	E	0/1	Fyrir stungusauma á teygjanleg efni t.d. líningar, falda o.s.frv.
	F	0/1	Skrautlegur stungusaumur eða varpsaumur á földum t.d. á náttfatnað og íþróttafatnað.
	G	0/1	Fyrir teygjanlega sauma og sauma á íþróttafatnað og vinnufatnað. Til að sauma teygjur á teygjanleg efni, eða sauma á teygjanleg efni.
		0/1	Fyrir teygjanlega sauma þar sem betra er að nálarstaðan sé vinstra megin
		0/1	Fyrir teygjanlega sauma þar sem betra er að nálarstaðan sé í miðjunni.
		0/1	Hefðbundinn skrautsaumur t.d. fyrir handklæði

Saumur		Saumfótur	Notist við
	H	0/1	Teygjanlegur lok og faldsaumur fyrir jersey efni. Efninu er snúið um 180 gráður
	I	0/3	Lok og faldsaumur fyrir efni sem rakna mikið.
	K	0/3	Lok og faldsaumur fyrir stöðug efni sem rakna ekki mikið
	L	0/1	Til að sauma saman tvo fasta jaðra með bili á milli þeirra þ.e.a.s. faldsauma og einnig fyrir “crazy” bútautum
	M	0/1	Til að sauma yfir teygjanlegar snúrur, loksama á frotté
	KM	0/1	Frjálsgur skrautsaumur
	LI	0/1	Skrautsaumur t.d. fyrir fylgihluti á baðherbergjum
	FG	0/1	Stungusaumur fyrir bútautum
	LK	0/1	Teygjanlegur skrautsaumur
	LMK	0/1	Teygjanlegur skrautsaumur

Lok

Opnið fellilokið (7) upp á við. Innan á fellilokinu eru myndir af saumum vélarinnar.



Mótstaðan tengd

Tengið mótstöðuna við tengil (2) á vélinni og síðan við vegg tengil fyrir rafmagn. Því fastar sem stigið er á mótstöðuna, þeim mun hraðar saumar vélin.

Þið getið takmarkað hraðann með því að færa sleðann á hlið mótstöðunnar til.


Staða ► = hálfur hraði

Staða ►► = fullur hraði

AE023 - 120V, USA og Kanada


AE020 - 230V, Evrópa

AE024 - 240V, Ástralía




Aðalrofi

Þegar kveikt er á vélinni með aðalrofanum (1) þá kviknar á ljósi vélarinnar. Vélin er nú tilbúin til notkunar.



Hólf fyrir fylgihluti

Á PFAFF® select™ er hólf fyrir fylgihluti (16) og er hægt að taka það af vélinni en einnig er hægt að nota það sem stærra vinnuborð.



Vinnuborðið tekið af - fríarmur


Til að hægt sé að nota fríarminn verður að fjarlægja vinnuborðið. Snúið vinnuborðinu til vinstri og lyftið því síðan upp á við.

Athugið að þegar það er sett aftur á vélina á ný verður það að vera slétt við fríarminn.

Spólun

Vélin undirbúin fyrir spólun

Haldið fast um handhjólið (4) og snúið lausagangsskrúfunni (3) eins og örin sýnir þar til hún stöðvast. Nú er hægt að spóla á spóluna án þess að vélin sjálf sé í gangi og nálin gangi upp og niður.




Spólan sett á spólarann




Slökkvið á vélinni. (1)



Setjið tóma spólu þannig á spólarann að titturinn (A) á spólaranum falli í rauf spóluunnar. PFAFF® nafnið á að snúa upp.



Þrýstið spólunni til hægri

Ath: Aðeins er hægt að spóla á spóluna að henni sé ýtt til hægri.





Spólað frá keflishöldunni

Setjið tvinnakefli á keflishölduna (9). Setjið síðan annaðhvort litlu eða stóru skífuna fyrir framan keflið.

Þræðing fyrir spólun


Leggið tvinnann í stýringu A og síðan í gat B og þaðan hægra megin í krók C. Snúðið tvinnanum síðan nokkrum sinnum réttsælis utan um spóluna.

Spólað

Haldið lauslega um tvinnaendann og stígið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér. Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.

Gleymið ekki

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið (4).




Spólað af aukakeflispinnanum

Stingið seinni keflispinnanum (8) í gatið. Setjið skífu á hann og setjið síðan tvinnakefli á pinnann.

Þræðing

Leggið tvinnann í stýringu A og síðan í gat B og þaðan hægra megin í krók C. Snúið tvinnanum síðan nokkrum sinnum réttsælis utan um spóluna.




Spólað

Kveikið á vélinni (1). Haldið lauslega um tvinnnaendann og stígið á mótstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér. Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.

Gleymið ekki

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið (4).

RÁÐ: Ef vélin er þegar þrædd, getið þið auðveldlega spólað á spóluna af aukakeflispinnanum án þess að afþræða vélina.



Spólað gegn um nálin

Ef vélin er fullþrædd og þið ætlið að nota sama tvinnu á spóluna, getið þið spólað á spóluna án þess að afþræða vélinu. Fullvissid ykkur um að nálin hreyfist ekki á meðan verið er að spóla á spóluna (sjá bls. 11)

Þræðing

Lyftið saumfætinu með fótlyftinum (15). Leggið tvinnann undir saumfóttinn til hægri og síðan upp hægri þræðirauфина (12).

Leggið tvinnann síðan í rauфина á þræðgjafanum frá vinstri til hægri (10). Athugið að þræðgjafinn verður að vera í efstu stöðu.


Leggið tvinnann síðan til hægri undir krók C. Súið tvinnanum síðan réttsælis nokkrum sinnum utan um spóluna, stígið síðan á mótsstöðuna og spólið.


Spólað

Kveikið á vélinni (1). Haldið lauslega um tvinnnaendann og stígið á mótsstöðuna. Um leið og spólan er orðin full slekkur spólarinn sjálfkrafa á sér. Ýtið spólaranum til vinstri, klippið tvinnann og takið spóluna af.

Gleymið ekki:

Herðið aftur á lausagangsskrúfunni (3) og haldið um leið við handhjólið (4).







Skipt um spólu



Slökkvið á vélinni (1).

Spóluhúsið og spólan fjarlægð



Opnið lokið yfir gríparanum fram á við. Takið um lokuna (E) og togið spóluhúsið úr gríparanum. Sleppið lokunni og takið tömu spóluna úr spóluhúsinu.



Spólan sett í spóluhúsið

Setjið fulla spóluna þannig í spóluhúsið að PFAFF® nafnið á henni snúi að spóluhúsinu. Um leið og þið gerið það, rennið þið tvinnanum í rauðina (A) á spóluhúsinu og síðan undir fjöðrina (B), þar til hann hefur krækst undir fjöðrina (sjá ör).

Athugið: Að þegar togað er í tvinnann á spólan að snúast réttisælis.



Spóluhúsið sett í gríparann

Halðið um loku E og setjið spóluhúsið á titt C. Úrtakið D á spóluhúsinu verður að vísa beint upp á við.

Athugið: Togið snögg í tvinnaendann. Spóluhúsið má þá ekki detta úr gríparanum.

Þræðing

Yfirtvinninn þræddur





Slökkvið á vélinni



Setjið fótlyfti (15) í efstu stöðu og snúið handhjólinu þar til nálin og þráðgjafinn eru í efstu stöðu. Setjið tvinnakeflið síðan á keflishölduna og viðeigandi skífu fyrir fram keflið.

Notið nú báðar hendur; smeygið tvinnanum í stýringu A og þaðan undir krók B. Þræðið tvinnann síðan eins og örvarnar sýna - niður vinstri raufina C - undir D og upp hægri raufina E og upp að þráðgjafanum F.

Nú er tvinninn lagður frá vinstri til hægri í þráðgjafann og síðan aftur niður hægri raufina G og þaðan í aðra hvora stýringuna H.

Þræðið nálarnar ávallt framan frá og aftur í gegn um nálaraugað.





Þræðing á tvíburanál

Setjið tvíburanál í vélina.

Setjið tvíburanál í nálarhölduna.

Setjið annað tvinnakefli á vélina með því að nota auaka keflispinnann.

Í vinstri þræðiraufinni (12) sjáið þið disk í yfirtvinnaspennunni C. Þegar þið þræðið tvinnana niður eftir þessari rauf verður að aðgæta að sitt hvor tvinninn fari sitt hvoru megin við diskinn í yfirtvinnaspennunni..

Halðið áfram og þræðið eins og venjulega en aðgætið að tvinnarnir flækist ekki saman.

Togið tvinnana að lokum í sitt hvora lykkjuna fyrir ofan nálarhölduna (23) og þræðið síðan í sitt hvora nálina.


Undirtvinnanum náð upp



Slökkvið á vélinni (1).


Lyftið saumfætinum - haldið í yfirtvinnann og snúið handhjólinu fram á við þar til nálin hefur farið niður og kemur upp aftur með undirtvinnann sem lykkju á yfirtvinnanum. Togið undirtvinnann upp.


Lokið lokinu yfir gríparanum og leggið yfir og undirtvinnann undir fótinn til vinstri.



Tvinnahnífur


Rennið báðum endunum aftan frá og fram á við í tvinnahnífinn (13) sem er staðsettur aftan til á armlokinu. .





Fótlyftir

Fótlyftirinn (15) er staðsettur aftan til á vélinni og með honum er hægt að lyfta saumfætinum og setja hann niður.



Skipt um saumfót

Skipt um saumfót




Slökkvið á vélinni (1).

Setjið nálina í efstu stöðu. Þrýstið ofan á saumfótinn að aftan og lyftið honum aðeins upp að framan og við það dettur hann af fóthöldunni (26).

Saumfótur settur á fóthölduna

Lækkið fótlyfti (15) og færið fótinn þannig undir fóthöldunni (26) að tittirnir á fætinum falli í raufarnar á höldunni.

Athugið hvort fóturinn situr rétt með því að lyfta honum nokkrum sinnum með fótlyftinum. .




Innbyggði efri flytjarinn

Til að sauma hvaða efni sem er býður PFAFF® upp á frábæra lausn; efri flytjarinn

Eins og á iðnaðarvélum, þá er efnið flutt bæði að neðan og að ofan þannig að ekkert getur misfarist eða dregist til

Á þunnum efnum eins og silki og rayon kemur efri flytjarinn í veg fyrir að efnin dragist saman.

Þessi jafni flutningur tryggir einnig að rendur og kaflar geta staðist fullkomlega á. Efri flytjarinn tryggir einnig í bútasaumi að efra efnið dragist ekki til.




Efri flytjarinn settur í samband


Lyftið saumfætinum og ýtið efri flytjaranum niður þar til hann smellur í samband.

ATHUGIÐ! Alla fætur sem eru með rauf að aftan er hægt að nota með efri flytjaranum.

Efri flytjarinn tekinn úr sambandi

Takið um efri flytjarann með tveimur fingrum þar sem hann er rifflaður - ýtið lauslega á hann niður á við og takið hann úr rauf fótarins um leið. Fer hann þá sjálfur í sína efri stöðu.






Skipt um nál



Slökkvið á vélinni.

Nálin fjarlægð: Setjið saumfótinn niður og setjið nálina í efstu stöðu. Losið um festiskrúfuna (25) og fjarlægið nálina.

Nálin sett í: Setjið nýja nál þannig að flati leggurinn A snúi aftur og ýtið henni eins hátt og hún kemst. Haldið nálinni fastri og herðið nálarskrúfuna (25).




Yfirtvinninn stilltur

Stillið yfirtvinnaspennuna (11) miðað við örina (B).

Viðmiðunarstillingar gætu verið á 4-5 fyrir venjulega sauma.

Fyrir ístopp, hnappagöt og skrautsauma gætu viðmiðunarstillingarnar verið á móts við 2 og 3.



Flytjarinn tekinn úr sambandi

Fyrir suma sauma verður að taka flytjarann úr sambandi t.d. þegar verið er að sauma bútasaum frihendis, þegar verið er að stoppa í, festa tölur á flíkur eða þegar verið er að hreinsa vélina.

Lyftið saumfætinum áður en þið takið flytjarann úr sambandi. Opnið síðan lokið yfir gríparanum og ýtið stilli C til hægri.


Stillir fyrir sporbreidd

Með þessum stilli (27) er hægt að stilla á mismunandi sporbreidd. Gætið þess að nálin sé ekki ofan í efninu þegar þessu er breytt.

Grunnstilling: Snúið stillinum (27) yfir að tákninu ► (sem er hámarks sporbreidd)

Undantekning: Beint spor verður að sauma með þessa stillingu á 0.

Í kafla 2 "Nytjasaumar og ráðleggingar" finnið þið uppástungur okkar um hentugustu stillingu á sporbreidd fyrir hvern saum fyrir sig. Þið getið einnig breytt sporbreiddinni á meðan saumað er.





Stillir fyrir nálarstöðu

Fyrir utan nálarstöðu í miðjunni (○) er hægt að velja um 14 aðrar nálarstöður með því að snúa stillinum fyrir nálarstöðurnar (28) til vinstri eða hægri.

Lengsta nálarstaða til vinstri er gefin til kynna með tákninu (○) og er stillinum þá snúið eins langt og hann kemst til hægri. Lengsta nálarstaða til hægri er gefin til kynna með tákninu (○) og er stillinum þá snúið eins langt og hann kemst til vinstri. Athugið að breyta ekki þessum stillingum ef nálin er ofan í efninu.


Ath: Ef þið hafið valið hægri nálarstöðu getið þið einnig notað sporbreiddarstillinn (27) til að auka eða minnka sporbreiddina til vinstri. Það sama gildir einnig ef þið veljið vinstri nálarstöðu.





Afturábak saumur


Vélin saumar afturábak eins lengi og þessum takka(20) er haldið niðri.



Sporlengdarstillir

Sporlengdarstillir


Með þessum stilli (19) getið þið ákvarðað sporlengdina á milli 0 og 6mm.



Hnappagöt

Á svæðinu milli 0 og 1 finnið þið tákn með hnappagati (A). Á þessu svæði er auðvelt að stilla á hentugasta sporþéttleikann fyrir hnappagöt og skrautsauma.

Þeim mun nær sem stillirinn er færður að 0 þeim mun þéttari verða sporin.



Teygjanlegir saumur


Teygjanlegir saumar (dökkur bakgrunnur) fyrir teygjanlegu saumana verður að snúa stillinum (19) eins langt og hann kemst yfir á gráa svæðið.

Val á saumum, Hraðval

Nytjasaumar

Hverjum saum hefur verið gefinn bókstafur sem þið finnið á hnöppunum. Einfaldlega með því að ýta á viðkomandi hnapp, saumar vélin þann saum. Með takka B er hægt að losa um alla takka sem hafa verið valdir.


Innan á felliloki (7) vélarinnar eru einnig myndir af öllum nytjasaumunum og einnig saumum þar sem saumum hefur verið blandað saman.



Teygjanlegir saumar

Allir saumar sem eru sýndir með dökkum bakgrunni eru teygjanlegir saumar. Þ.e.a.s. þeir henta vel fyrir teygjanleg efni. Ýtið á viðkomandi saum og snúið síðan sporlengdarstillinum (19) yfir á dökka svæðið fyrir teygjanlegu saumana (A).

Með hnapp B er svo hægt að losa um alla þá takka sem hafa verið valdir.




Nytjasaumum og teygjanlegum saumum blandað saman

Með því að ýta samtímis á tvo eða fleiri hnappa er hægt að blanda saman saumum á nytjasaumssvæðinu.

Sporlengdarstillirinn getur hvort sem er verið á venjulega svæðinu eða svæðinu fyrir teygjanlegu saumana.

Hægt er að skoða allar þessar samblandanir innan á felliloki vélarinnar. Hægt er að losa um takka sem hafa verið valdir með því að ýta á hnapp B.



Spor					

Útskýringar á töflunni fyrir saumana

Taflan hér til hliðar sýnir ráðlagðar stillingar fyrir hvern saum eða saumataækni.

Hún veitir einnig upplýsingar um hvað þarf að framkvæma til að sauma valinn saum.

Val á réttum saumfæti, stilling á yfirtvinna-spennu og hvort ráðlagt sé að nota efri flytjarann eða ekki.

Notið alltaf nálarstöðu í miðju  ef annað er ekki tekið fram.

Spor	Spur númer
	Sporbreidd í mm
	Spurlengd í mm
	Efri flytjari já=  nei= 
	Tvinnaspenna
	Saumfótur nr.

Sum efni innihalda mikið magn af litarefnum sem geta litað út frá sér og jafnvel litað út frá sér á vélina sjálfa. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að ná þessum litarefnum af vélinni.

Flís og gallabuxnaefni og sérstaklega þau sem eru rauð og blá innihalda oft mikið aukalegt magn af litarefnum.

Ef þig grunar að efnið eða flíkin sem þú ert að eiga við innihaldi mikið magn litarefna, þá ráðleggjum við þér eindregið að þvo efnið eða flíkina áður en þú ferð að sauma, til að koma í veg fyrir að þau liti út frá sér.

Tvinnaspenna fyrir yfirtvinna

Til að ná fullkomnum saumaárangri verður að stilla bæði yfir og undirtvinnaspennurnar rétt. Venjulega grunnstillingin fyrir nytja-sauma er á bilinu 4-5.

Prófið spennurnar ávallt með breiðu zik zak spori. Tvinnarnir eiga að hnýtast á milli tveggja laga af efnum.

Ef yfirtvinnaspennan er of stíf, þá koma hnútar upp á réttuna. Ef hún er of laus þá koma hnútar niður á rönguna.

Stillingum á yfirtvinnaspennunni er lýst nánar á bls. 21.



Fullkomin spenna




Efri spenna of mikil




Efri spenna of laus

Stungusaumar

Beint spor G er hægt að sauma og hafa nálarstöðuna á 15 mismunandi vegu og því er oftast hægt að láta saumfótinn renna meðfram brún efnisins og hafa hann sem viðmiðun fyrir fjarlægðina frá brúnninni. Nálarstaðan er ákvörðuð með stillinum fyrir hana. Ef þið viljið sauma stungusauminn fjær jaðrinum er einnig hægt að nota viðmiðunarlínurnar á stingplötunni sem stýringu eða nota jaðarstýringuna (6) sem fylgir vélinni. Henni er stungið í gatið A og haldið fastri með festiskrúfu B.





Spor					
G	0	2.5	●	3-5	0/1

Beint spor

Saumur G er venjulegt beint spor. Hægt er að lengja sporlengdina upp í 6 mm.

Nálarstöðunni er hægt að breyta t.d. þegar verið er að sauma rennilása eða stinga nálægt brúnum. Hægt er að velja um 15 mismunandi nálarstöður.

Aðgætið að nálin sé í efstu stöðu þegar nálarstaðan er færð til.



Spor					
G	2-►	1-2	●	3-5	0/1

Zik zak spor

Auk overlockspora er zik zak spor G með saumbreidd 5 ►, mjög hentugt til að kasta sauma á hinum ýmsu efnum. Þegar slíkt er gert er efnið eingöngu látið liggja undir miðjum saumfætinum.


Þegar jaðarinn er kastaður ber að gæta þess að nálin á að stinga til skiptis í efnið og út fyrir jaðarinn á því.

Breiddin fyrir kastsauma getur verið alveg niður í 2 mm.

Þegar verið er að kasta brúnir á erfiðum efnum getur verið betra að nota blindaumsfótinn nr. 3. Þegar þið saumið fer tvinninn út fyrir pinna C, sem kemur í veg fyrir að jaðarinn herpist saman.

Jaðarinn er látinn renna meðfram stýringu B. og hægt er að færa hana til með skrúfu A.


Áriðandi: Þegar blindaumsfóturinn er notaður fyrir kastsauma með zik zak spori, notið þið hægri sporlegu. Veljið saumbreidd á bilinu 3-5 mm. (notið ekki aðra sporlegustillingu).



Blindföldunarspor

Blindföldunarsporið H hentar vel fyrir ósýnilega falda; og þið þurfið ekki að sauma þá í höndunum lengur. Spor H hentar fyrir meðalþykk ullarefni, en ef um teygjanleg efni er að ræða er betra að nota saum D.

- Kastið jaðarinn á efninu
- Brjótið efnið inn í hentuga faldbreidd.
- Brjótið faldinn til baka þannig að jaðar efnisins standi ca. 1 cm út frá aldinum.
- Leggið faldinn nú þannig undir fótinn og látið brotlnu hans renna meðfram stýringu B.
- Snúið nálarstöðuhnappnum (28) og veljið nálarstöðu til hægri .
- Þegar nálin kemur niður vinstra megin í fald efnisins má hún aðeins stinga í einn þráð efnisins.




Spor					
D/H	5-►	1-2	●	3-5	0/3

Munið!

Ef sporin sjást á réttunni þarf að færa stýringuna B en það er gert með stilliskrúfunni A.


Ráð: Ef þið veljið að sauma blindsaumsspor H eða spor D með sporbreidd minni en 5, þá er betra að nota fót nr. 0.



Overlock spor

Hvað eru overlock spor ?

Fyrir teygjanleg efni býður select™ saumavélin upp á overlock spor til að sauma saman tvö teygjanleg efni og kasta jaðrana um leið. Þessir saumar teygjast meira en aðrir saumar, eru sterk og fljótlegt er að sauma þau.




Spor					
K	5-►	Teygjanleg	●	3-5	0/3

Rád: Við mælum með því að þið notið blindsaumsfótinn nr. 3. Hann stýrir efninu vel og pinninn á honum kemur í veg fyrir að jaðarinn herpist saman, jafnvel á breiðum saumum. Munið einnig eftir því að færa rauða merkið á honum í hægri stöðu. Það stýrir efnisbrúninni.

Opið overlock spor (K)

Með þessum saum er mjög gott að sauma þykkari efni og efni þar sem jaðarinn raknar ekki mikið.

Rád: Gætið þess að nálin saumi hægra megin við efnið og út fyrir jaðarinn en stingi ekki ofan í það.



Spor					
I	5-►	Teygjanleg	●	3-5	0/3

Lokað overlock spor (I)

Lokaða overlock sporið hentar vel til að sauma saman jersey þrjón. Hentar einnig til að sauma stroff og hálsmál.

Rád: Gætið þess að teygja á stroffinu um leið og þið saumið það við ermina.

Munið !


Ef þið veljið aðra saumbreidd en 5 ► þá gætið þess að nálin strjúkist ekki við saumfótinn 3.

Teygjanlegur saumur

Þessi saumur er bæði mjög sterkur og teygjanlegur og hentar því vel til að sauma teygjur á sundfatnað, pils og undirfatnað.

- Deilið jaðrinum á flíkinni og teygjunni í fjóra jafna hluta.
- Festið teygjuna með tituprjónum á hvern fjórðung.
- Setjið teygjuna og efnið undir saumfóttinn.
- Teygið á teygjunni þannig að hún henti hverjum fjórðung og saumið hana fasta.

Ath: Þegar þið strekkið á teygju þá þarf að halda við hana bæði fyrir framan og aftan saumfóttinn.



Spor					
M	5- ►	1-2.5	●	3-5	0/1

Földun með tvíburanál


Með tvíburanálum er hægt að falda teygjan-leg efni eins og T-boli, þunnt prjón o.fl. á mjög auðveldan og fallegan hátt.

Tvíburnálar er hægt að fá með mismunandi nálar millibili. Hentugasta bilið fyrir földun og stungur er 4 mm. Athugið að velja alltaf nálarstöðu í miðju svo önnur nálín rekist ekki í stingplötuna

- Byrjið á að brjóta og strauja faldinn eins og hann á að verða.
- Saumið síðan yfir faldinn á réttunni.
- Að síðustu klippið þið umfram efnið frá á röngunni.

Notið eingöngu "stretch"-nálar fyrir teygjanleg efni.

Rád: Á erfiðum efnum eins og á þunnum gárðaprjónsefnum er ráðlagt að þræða faldinn áður en hann er saumaður.



Spor					
G	0	3	●	3-5	0/1

Hnappagöt

Það er mjög auðvelt að sauma hnappagöt því eingöngu þarf að ýta á takkana og ekki þarf að snúa efninu eins og þurfti áður fyrr.

Hnappagöt eru yfirleitt saumuð á tvöfalt efni. En fyrir mjög þunn efni eins og t.d. silki, organdy, eða viscose efni er nauðsynlegt að nota undirlegg til að fyrirbyggja að efnin herpist saman.

Til að hnappagötin verði falleg er nauðsynlegt að nota finan útsaums eða stopptvinna.


Merkið fyrir byrjuninni á hnappagatinu annaðhvort með merkipinna eða tituprjón, og munið að sauma prufuhnappagat á afgangsbúta af sama efni.

Ath: Áður en þið byrjið á hnappagati togið þið stýringuna á hnappagatafætinum fram á við eins og hægt er, þannig að rauða örin sé á móts við fyrstu rauðu línuna. Rauðu strikin eru með 0,5 mm millibili, og eru til viðmiðunar fyrir lengd hnappagatanna.

Spor					
CBA	5-▶		○		5

Venjuleg hnappagöt


- Setjið hnappagatafótinn á vélina og rennið honum fram á við eins langt og hann kemst.
- Veljið saum 1 (C) og saumið hægri legg hnappagatsins í rétta lengd. Klippið byrjunarendann eftir nokkur spor.
- Veljið saum 2 (B) og haldið takkanum niðri á meðan þið saumið sporin fyrir fyrri eftinguna.
- Veljið saum 3 (A) og saumið seinni legginn þar hann er jafnlangur þeim fyrri.
- Veljið saum 4 (B) og haldið takkanum niðri meðan þið saumið sporin fyrir seinni heftinguna.



Opnið hnappagatið varlega með sprettihníf eða oddmjóum skærum. Notið tituprjóna við endana.

- Sleppið takka B og saumið nokkur bein spor til að festa endana.
- Opnið hnappagatið varlega á milli leggjanna.

Rád: Fyrir hnappagöt á mjög fin efni er hægt að mjökka breidd hnappagatsins með sporbreiddartakkanum (27) niður í ca. 3 mm. Notið sporlegu í miðju .




Venjulegt hnappagat með undirleggsþræði

Til að sauma sterk og endingargóð hnappa-göt á þykkari efni, prjón eða sportfatnað er mælt með því að setja undirleggsþráð undir hnappagötin.

Undirleggsþráðurinn er alveg ómissandi fyrir hnappagöt á prjón til að ekki teygist á þeim.

- Krækið undirleggsþræðinum yfir aftari tittinn A á fætinum og klemmið hann síðan undir fótinn að framan.
- Klemmið þræðina síðan í klemmurnar B til vinstri og hægri.
- Rennið stýringunni á fætinum fram á við eins langt og hún kemst og saumið hnappagatið eins og lýst er.
- Togið lykkjuna á undirleggsþræðinum inn í hnappagatið og klippið endana.



Fríhendis saumur

Setjið stoppfótinn á vélina:


Losið um skrófu D. Setjið nálina í efstu stöðu og þrýstið pinnanum á stoppfætinum inn í gatið C á fótöldunni. Um leið og þetta er gert þarf að gæta þess að stýrigaffall G verður að fara utan um fótstöngina. Armur E verður að vera fyrir aftan nálarfestiskrúfuna F. Herðið skrófu D.

Fríhendis staða á fótlyfti:


Lækkið fótlyftuna (A) og þrýstið aðeins á hana aftur á bak. Við það fellur fótlyftan í hakið (B) í raufinni fyrir fótlyftuna. Það er staðan fyrir fríhendissauma.

- Takið flytjarann úr sambandi.
- Veljið annaðhvort beint spor eða zik zak.
- Saumið með jöfnum hreyfingum og hraða um leið og þið færið efnið með höndunum.

Rád: Til að ná sem jöfnustum sporum er best að færa efnið með jöfnum hreyfingum. Færið efnið þannig að sporin krossist ekki.




Spor					
G	-	-	○	2-3	Fánlegt aukalega



Töluáfesting

Með zik zak saum G (saumbreidd 4 mm) er hægt að festa tveggja og fjögurra gata tölur.

- Fjarlægið saumfótinn og takið flytjarann úr sambandi.
- Snúið handhjólinu fram á við og færið töluna þannig til að nálin stingi ofan í vinstra gatið á henni.
- Lækkið fótlyftuna; fótaldan heldur tölunni á sínum stað.




Spor					
G	4	-	○	2-3	-


- Saumið nokkur spor til að festa töluna. Gætið þess að nálin stingi örugglega ofan í hægra gatið á tölunni.

Frágangur

- Veljið beint spor með því að snúa sporbreiddartakkanum (27) á 0.
- Breytið nálarstöðunni með nálarstöðutakkanum (28) þannig að nálin stingi í annaðhvort gatið á tölunni.
- Saumið nú nokkur festispor til að saumurinn rakni ekki.



Vinstri staða á rennilásafæti



Hægri staða á rennilásafæti

Spor					
G	0	3	●	3-5	4

Rennilásar

Um er að ræða mismunandi aðferðir til að sauma rennilása, og við mælum með því að þið farið eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja sniðinu sem þið eruð að nota. Fyrir pils mælum við með huldum rennilás og fyrir buxur, hálfhulinn. Við mælum einnig með því að þið notið málmlása fyrir sterkari efni eins og denim, en fyrir öll önnur efni er í lagi að nota plastlása.

Það er nauðsynlegt að sauma mjög nálægt tönnum lásanna. Og þess vegna er hægt að setja rennilásafótinn á vélina hvort sem er vinstra eða hægra megin á fóthölduna.

Þið getið stillt nálina þannig að hún stingi niður nálægt tönnum lásanna með því að nota einhverja af þeim 15 nálarstöðum sem eru í vélinni. Ef fóturinn er hægra megin má að sjálfsögðu eingöngu færa nálina til hægri og svo öfugt ef hann er vinstra megin.

Aukalegir saumfætur


Með PFAFF® select™ fylgja nokkrir aukalegir saumfætur í tilefni af 150 ára afmælisvélinni. Þessir aukalegu saumfætur eru:

Snúru og bandfótur

Þið getið náð fram fallegri áferð með því að nota snúru og bandfótinn og nota um leið innbyggðu skrautsaumana með því að sauma yfir snúrur, garn eða mjó bönd o.s.frv.

1. Til að sauma snúrur notið þið annað hvort samlitann, glæran eða skrautlitaðan útsaumstvinna.
2. Þræðið garnið, snúruna eða böndin framan frá í stýringarnar og togið síðan í gegn um götin að framan, síðan undir saumfótinn og leggið aftur undan fætinum.
3. Setjið efri flytjarann í samband.
4. Veljið saum, zik zak, blindföldunarspor eða skrautsaum. Saumið síðan eftir fyrirfram merktri línu eða línunum sem geta verið í boga.


RÁÐ: Prófið ykkur áfram með mismunandi gróft garn eða snúrur, blandið saman mismunandi litum o.s.frv.



7/9 gata snúrufótur

Með þessum sérstaka fæti er mjög auðvelt að ná fram alveg meiri háttar skreytingum. Með fætinum getið þið saumað allt upp í 9 mismunandi lengdir af útsaums flospráðum, perlugarni, eða álíka snúrum og notað ýmiss konar sauma, skraut eða nytjasauma til að sauma þær á efni.

1. Klippið snúrurnar í þær lengdir sem þið viljið nota. Þræðið snúrurnar í gegn um götin á fætinum og leggið þær síðan undir saumfótinn og aftur undan honum. Látið snúrurnar ná ca 4-5 cm aftur undan fætinum.



2. Setjið 7/9 gata fótinn á fothölduna.
3. Veljið t.d. skrautsaum sem er nógu breiður til að ná yfir allar snúrurnar.

RÁÐ: Perlugarn eða snúið garn hentar mjög vel.

Perlufótur 4 mm

Fyrir þetta sérstaka útlit, getið þið skreytt flíkur með perluböndum eða svipuðum skrautböndum. Böndin renna auðveldlega eftir raufinni undir fætinum og um leið náðið þið fram fallegum skreytingum.


1. Setjið perlufótinn á vélina.
2. Þræðið vélina með glærum tvinna í nálina en notið venjulegan tvinna á spóluna.
3. Veljið annað hvort zik zak saum eða blindföldunarspor með eftirtöldum stillingum:

Zik zak spor: lengd 3,5, breidd 4,0

Blinföldunarspor: lengd 1.0, breidd 4.5

4. Lækkið aðeins á yfirtvinnaspennunni til að ná fram fallegri áferð.
5. Setjið undirlegg undir efnið og setjið hvorutveggja undir saumfótinn.
6. Leggið perlubandið í raufina undir fætinum, og lækkið fótinn.
7. Snúið handhjólinu til að byrja fyrstu sporin á varlegan hátt og setja perlubandið á réttan stað.
8. Saumið hægt.

Ath: Saumið fyrst á afgangsefni til að athuga hvort tvinnaspennan, sporengd og sporbreidd henti ekki örugglega fyrir viðkomandi perluband, og gerið breytingar ef þörf er á.




Miðseymisfótur

Til að sauma tilbúið miðseymi á milli efna, eða þið búið sjálf til miðseymi úr mjórri snúru og saumið efnisrenning utan um hana.


Til að sauma tilbúið miðseymi:

1. Setjið miðseymisfótinn á vélina.
2. Setjið miðseymið á móts við hægri jaðarinn. Setjið efra efnið ofan á og látið réttu snúa á móti réttu.
3. Setjið efnin og miðseymið undir fótinn og gætið þess að miðseymið renni í raufinni undir fætinum. Saumið með beinu spori, 2,5mm á lengd. Raufin neðan á fætinum mun stýra miðseyminu þegar þið saumið.



Til að búa til miðseymi úr efninu sem þið eruð að nota:

1. Klippið skáklippta eða þversum klippta renninga úr efninu sem þið eruð að sauma, og hafið þá nógu breiða til að þeir hylji snúrana sem þið ætlið að nota og einnig nógu breiðir fyrir saumfarið.
2. Leggið snúrana á rönguna á renningnum og vefjið renningnum utan um hana.
3. Setjið nú neðra efnið og renninginn undir fótinn og gætið þess að snúran og renningurinn utan um hana fari í raufina undir fætinum.
4. Saumið. Raufin á fætinum stýrir nú snúrunni og þið þurfið aðeins að stýra efninu og renningnum.



RÁÐ: Þegar þið saumið miðseymi af þessu tagi í fatnað, stillið þið nálarstöðuna þannig að nálín stingi nálægt snúrunni.


Saumfótur fyrir skrautbönd

Skreytið fatnaðinn ykkar með alls konar skrautböndum og renningum með því að nota þennan saumfót. Hann stýrir böndunum auðveldlega í gegn um opið framan á fætinum og eftir raufinni neðan á honum.

1. Þræðið vélina með venjulegum eða skrautlegum tvinna að ofan, en venjulegum tvinna á spólunni.
2. Veljið beint spor, zik zak spor eða skrautsaum.

Ráð: Fyrir 6mm breið bönd getið þið einnig notað 6mm tvíburanál. Veljið beint spor og vélin saumar eftir jöðrum bandsins beggja megin.

3. Leggið bandið í saumfótinn eins og myndin sýnir.
4. Setjið saumfótinn á vélina.
5. Setjið efri flytjarann í samband.
6. Saumið varlega og ekki of hratt. (Þið gætuð þurft að setja undirlegg undir efnið).
7. Þið náum bestum árangri með því að nota flöt böndúr silki, flauel, satín eða baðmull.



Skipt um stingplötu




Slökkvið á vélinni (1).

Það er nauðsynlegt að hreinsa vélina með reglulegu millibili og hún mun launa ykkur það með betri endingu. Þeim mun oftari sem vélin er notuð, þeim mun oftari þarf að hreinsa hana.

Stingplatan fjarlægð:

- Lyftið fætinum og fjarlægið hólfið fyrir fylgihlutina.
- Þrýstið endanum á litlu skrúfjárn í raufina undir stingplötunni eins og sýnt er á myndinni.
- Þrýstið stingplötunni upp - fyrst hægra megin og síðan vinstra megin.



Stingplatan sett á:

- Setjið stingplötuna jafnt aftari brúninni á opinu og þrýstið henni síðan niður að framan þar til smá smellur heyrist. Aðgætið áður en byrjað er að sauma að nálin fari örugglega niður um gatið á stingplötunni.



Hreinsun




Slökkvið á vélinni (1).

- Fjarlægið stingplötuna og takið flytjarann úr sambandi.
- Hreinsið í kring um gríparasvæðið og flytjarann með bursta.
- Setjið einn dropa af olíu eftir 15 til 20 tíma notkun í gríparann eins og sýnt er á myndinni - en bara einn dropa !.

Ath: Notið aðeins góða SAUMAVÉLAOLÍU - Hún fæst hjá PFAFF®!





Skipt um peru



Slökkvið á vélinni.(1).

- Takið snúruna frá mótstöðunni einnig úr vélinni.
- Takið vinnuborðið af vélinni (16).

Peran er staðsett fremst í vélinni nálægt yfirtvinnaspennunni.

Peran fjarlægð:

- Haldið um saumavélina.
- Þrýstið perunni inn í perustæðið eins langt og hægt er.
- Snúið perunni um leið hálfan snúning rangsælis og fjarlægðið hana.

Ný pera sett í :

- Stingið perunni inn í skáhallandi perustæðið og gætið þess að báðir takkar perunnar fari inn í perustæðið.
- Þrýstið á peruna og snúið henni réttisælis þar til hún situr rétt.

Ath: Ef þið fáið ykkur peruskiptinn (fæst sem aukahlutur) er auðveldara að skipta um peruna.

Áríðandi !

Hámarks wattafjöldi perunnar má ekki vera meiri en 15 wött!

Gangtruflanir

Vélin hleypur yfir

Nálin er ekki rétt sett í vélina.	Setjið nálin eins hátt og hún kemst.
Röng nál er í vélinni.	Notið nálar teg. 130/705 H.
Nálin er bogin eða oddlaus.	Setjið nýja nál í vélina.
Vélin er ekki rétt þrædd.	Yfirfarið þræðinguna.
Nálin er of fín fyrir tvinnann.	Notið grófari nál.

Yfirtvinninn slitnar

Sjá hér að ofan.	Sjá að ofan.
Tvinnaspennan er of stíf.	Stillið tvinnaspennuna.
Slæmur eða hnökraður tvinni og jafnvel orðinn of þurr af of langri geymslu.	Notið aðeins gæðatvinna.
Tvinninn er of grófur.	Notið nál með stærra auga (Tegund 130 N).

Nálin brotnar

Nálin er ekki fest nógu hátt uppi.	Skiptið um nál og setjið hana alveg upp.
Nálin er bogin.	Setjið nýja nál í vélina.
Nálin er of gróf eða of fín.	Setjið nýja nál í vélina.
Nálin er bogin og hefur rekist í stingplötuna vegna þess að togað er í efnið.	Látið vélina flytja efnið - stýrið efninu bara.
Spóluhúsið er ekki rétt sett í gríparann.	Þrýstið spóluhúsinu alveg inn í gríparann.

Saumurinn er ójafn

Tvinnaspennan er vanstillt.	Athugið yfirtvinnaspennuna.
Tvinninn er of grófur, hnökraður eða harður.	Notið aðeins gæðatvinna.
Ójafnt er spólað á spóluna.	Spólið aldrei fríhendis - alltaf í gegn um spólaraspennuna.
Lykkjur koma á tvinnann.	Þræðið rétt - Yfirfarið bæði undir og yfirtvinnaspennu.

Vélin flytur illa eða óreglulega

Óhreinindi föst á milli flytjaratannanna.

Fjarlægið stingplötuna og síðan óhreinindin á milli tannaraðanna.

Flytjarinn er niðri. renniloka C er hægra megin (sjá bls. 21).

Ýtið renniloku til vinstri (sjá bls. 21).

Vélin gengur erfiðlega

Tvinnaendar hafa festst í gríparanum.

Fjarlægið tvinnaendana.

Áríðandi !

Áður en þið skiptið um saumfætur eða nálar, er ráðlegt að slökkva á vélinni. Látið þrædda véla aldrei byrja að sauma nema að efni sé undir saumfætinum. Ef þið yfirgefið vélina - jafnvel í stuttan tíma - gleymið þá ekki að slökkva á henni. Þetta er mjög áríðandi þar sem börn eru til staðar.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta hönnun vélarinnar og þeim fylgihlutum sem fylgja henni og það án fyrirvara.

Slíkar breytingar munu hins vegar ávallt verða viðskiptavinum okkar til hagræðis.

Eignarréttur á hugverkum

PFAFF, SELECT og IDT eru vörumerki í eigu KSIN Luxembourg II, S.ar.l.



150th
anniversary 

www.pfaff.com